



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2017-098U009**

Dagsetning: **29.06.2017**

Staðsetning: **Norðurlandsvegur við Öxnadal**

Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

*Seinni part dags þann 29. júní 2017 var Nissan bifreið ekið yfir á rangan vegarhelming á Norðurlandsvegi í Öxnadal og lenti framan á Suzuki bifreið sem ekið var á móti. Vegurinn var með nýlögðu bundnu slitlagi og var ekki blíð að mála miðlínur þegar slysið átti sér stað.*

*Ökumaður Nissan bifreiðarinnar lést í kjölfar slyssins en farþegi í Nissan bifreiðinni og ökumaður Suzuki bifreiðarinnar slösuðust ekki alvarlega.*

## Staðsetning



## Helstu upplýsingar

### Látin:

82 ára kona

### Veður og birta:

Hiti 8,5°C, V 4 m/s, dagsbirta

### Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst  
Meðaltalsumferð á sólarhring er 1500 ökutæki

### Tími sólarhrings:

Eftirmiðdegi

### Ökutæki:

Nissan Micra nýskráð 2012  
Suzuki Swift nýskráð 2017

## Lýsing á slysi

Seinni part dags þann 29. júní 2017 var Nissan Micra bifreið ekið norður Norðurlandsveg og var Suzuki Swift bifreið ekið í gagnstæða átt. Í Nissan bifreiðinni var auk ökumanns, farþegi í framsæti en ökumaður Suzuki bifreiðarinnar var einn í bifreiðinni. Veður var gott og vegurinn var þurr.

Rétt áður en bifreiðarnar mættust á veginum var Nissan bifreiðinni, að sögn vitna, ekið yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir Suzuki bifreiðina og lentu bifreiðarnar saman á vegarhelmingi Suzuki bifreiðarinnar.



Mynd 1: Ljósmynd tekin í norðurátt við Þjóðveg 1 í Öxnadal. Rauður punktur sýnir hvar slysið átti sér stað.

### Áverkar

Ökumaður Nissan bifreiðarinnar hlaut alvarlega fjölaverka og var úrskurðaður látinn á sjúkrahúsi. Farþegi í Nissan bifreiðinni slasaðist ekki alvarlega. Ökumaður og farþegi í Nissan bifreiðinni voru báðir spenntir í öryggisbelti.

Ökumaður Suzuki bifreiðarinnar, sem var spenntur í öryggisbelti, slasaðist ekki alvarlega og var útskrifaður af sjúkrahúsi daginn eftir slysið.

### Ökutækin

Nissan bifreiðin var færð í lögbundna skoðun árið 2016 og var niðurstaðan að lagfæra þurfti stöðuljósaperu.

Suzuki bifreiðin hlaut fulltrúaskoðun á árinu 2017 samhliða innflutningi hennar til landsins en engar athugasemdir voru gerðar. Bifreiðin var útbúin vetrardekkjum.

## Ökuhraði

Leyfður hámarkshraði á þeim stað sem slysið varð er 90 km/klst við bestu aðstæður.

Vitni hafa lýst því að Nissan bifreiðinni hafi líklega verið ekið á um 80-90 km/klst hraða áður en slysið átti sér stað.

Ökumaður Suzuki bifreiðarinnar kvaðst hafa ekið á um 90-100 km/klst hraða áður en slysið átti sér stað. Kvaðst hann ekki hafa náð að draga verulega úr hraðanum áður en Nissan bifreiðinni var ekið í veg fyrir hann.

## Vegur og umhverfi

Dagsbirta var þegar slysið átti sér stað og vegurinn var þurr. Nýlögð klæðning var á veginum og var ekki búið að mála mið- eða kantlínur á veginn þegar slysið varð.

Erfiðara getur verið fyrir ökumenn að meta hvar bifreiðin er á veginum þegar mið- og kantlínur eru ekki fyrir hendi.

## Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjamælinga hjá ökumanni Nissan bifreiðarinnar sýndu að ökumaður var ekki undir áhrifum áfengis eða ólögglegra vímuefna.

Ökumaður Nissan bifreiðarinnar tók inn lyf samkvæmt læknisráði. Lyfið mældist innan eðlilegra marka í blóði en styrkur virks umbrotæfnis lyfsins mældist mjög hár og benti til eitrunar. Umbrotæfnið hefur lengri helmingunartíma en lyfið og getur safnast fyrir í líkama þeirra sem nota lyfið ef líkamsstarfssemi þeirra er skert eða lyfið er notað í stórum skömmtum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til misnotkunar á lyfinu hjá ökumanni og skammtastærðir voru innan venjulegra marka.

Sennilegt er að lyfið og umbrotsefni þess hafi skert aksturshæfni ökumanns Nissan bifreiðarinnar.

Rannsóknarnefndin hefur upplýst embætti Landlæknis um niðurstöður lyfjagreiningar í málinu.

Niðurstaða áfengismælinga hjá ökumanni Suzuki bifreiðarinnar voru neikvæðar en ekki voru framkvæmdar lyfjamælingar.

## Orsakagreining

- Ökumaður Nissan bifreiðarinnar ók yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir Suzuki bifreiðina
- Sennilegt er að lyfið og umbrotsefni þess hafi skert aksturshæfni ökumanns Nissan bifreiðarinnar.



## Ábendingar

### Áfengis og lyfjamælingar í alvarlegum slysum

Rannsóknarnefndin gerir athugasemdir við að lyfjamæling var ekki gerð á báðum öikumönnum. Nefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að útiloka þann þátt í rannsóknum allra alvarlegra umferðarslysa.

### Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen

### Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Brynjar Stefánsson  
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 4.júní 2019  
Rannsóknarnefnd samgönguslysa